

ÍSLENDINGAR SEM FORGÖNGUÞJÓÐ

I

Svo er oftast, að allur frumleiki er því erfiðari, sem þjóð er smærri. Og afleiðingin verður sú, að smáþjóðir verða háðar stærri þjóðum, meir en gagnlegt er, og þeirra eftirbátar um flest. En um sumt komast smáþjóðirnar ekki einu sinni svo langt, að vera eftirbátar, því að svo var til forna nafn á bát, sem hafskip dró á eftir sér, og það verður varla með sanni sagt, að sú þjóð t.d., sem enga á járnbraut, sé annarra eftirbátur í járnbrautarmálum. En þrátt fyrir þetta, þá er þó nú svo komið, að ein hin smæsta þjóð gæti haft forustu fyrir öllum öðrum, og að vísu í því máli, sem mestu varðar framtíð alls mannkyns. Íslendingar gætu orðið fyrstir allra þjóða til að reisa stöð til sambands við aðrar stjórnur, á sama tíma sem einn af frægustu stjörnuæðlisfræðingum, Sir J. P. Jeans, segir, að þó að lifandi verur væru til á öðrum stjörnum, þá sé óhugsandi að nokkurt ráð verði fundið til að fá vitneskju um þær. Stöð þessi yrði að vera vönduð mjög. Þar yrði að fara saman hin besta smíðakunnátta, hin mesta listasnilld, og hinn einlægasti vilji hvers einstaks á að gera það, sem hann gæti best, ef tilganginum á að verða náð, þeim, að gott samband fáið við samskonar stöðvar á öðrum stjörnum. Þó að allt yrði hér hjá oss miklu ófullkomnara, þá mundi duga, ef vilji og viðleitni væri hér til hins besta. Af fyrirkomulagi stöðvar þessarar þýðir að sinni ekki að nefna annað en það, að söngsalur yrði þar að vera og ræðusalur, þar sem heyrni (akustik, sbr. skyggni) væri í besta lagi og litir hinir vönduðustu. Best væri að sem flestir stæðu að húsi þessu, og helst öll þjóðin, sá hlutinn, sem til vits væri kominn. En þó að ekki væru um þetta nema svo sem þúsund

manns, eða jafnvel færri, þá mundi árangurinn verða mikill. Menn mundu fá þar að heyra betri ræður og fegri söng og hljómlist en heyrst hefði áður, eigi einungis á Íslandi, heldur jafnvel þar sem best hefir verið á jörðu hér. Og góða gesti mundi mega fá þar að sjá og heyra, og eigi einungis frá öðrum löndum, heldur þá sem komnir væru alla leið frá öðrum stjörnum.

II

Óljúfara er mér, en ef til vill flestum öðrum, að segja það sem mjög virðist ótrúlegt. En ég treysti krafti sannleikans, og veit, að ef rétt er sagt, þá mun nokkuð ávinnast, þó að ólíklega horfi í fyrstu. Eitt hið mesta skáld, Goethe, hefir sagt:

Ein guter Mensch in seinem dunklen Drange
Ist sich des rechten Weges wohl bewusst.

Og það er óhætt að treysta því, að þeir, sem vel eru inn-rættir, muni finna nokkuð á sér, hvort það sem fram er flutt um hið mesta mál, er í áttina til sannleikans, eða frá. Og í því trausti er slíkt skrifað, sem hér má lesa og í öðrum stöðum.

Um byggingu þessarar sambandsstöðvar má segja það, að úr því snúið væri að verkinu með einlægum hug og margra samþykki, þá mundi allt takast betur en líklegt hefði þótt, og mundi hús það, er fullgert væri, þykja furðusmíð, jafnvel þar sem byggingarlist er miklu framar en hér. En þó mundi annað miklu merkilegra um hús þetta en hversu það væri að sjá. Áður en 10 ár væru liðin frá því að stöðin væri tekin til starfa, mundi frægð og velmegun þjóðarinnar hafa margfaldast. Mundi þá koma í ljós, miklu betur en áður, að framfarahæfari alþýða en íslensk, er ekki til á þessari jörð. Uppgangur Íslendinga var á 10. öldinni, með ólíkindum; þeir voru þá mesta atgervisfólk jarðarinnar. Nú mundi framhald verða af þessu, og þó miklu betur, þar sem engin yrðu vígaferlin, en samhuga fólk og vitandi um hvert stefna skyldi.

Og jafnvel slíkir menn sem Gunnar og Grettir voru, mundu ekki þurfa að reyna íþróttir við þá Íslendinga, sem uppi yrðu um aldamótin 2000; og ennþá fegri konur mundu hér verða þá, en þær sem nefndar eru, og ekki nefndar, í sögunum.

III

Best væri, að stöðin yrði komin upp fyrir þúsundára hátíðina 1930. En þó er það ekkert aðalatriði. En því er óhætt að treysta, að ef sambandsmáli þessu verður enginn gaumur gefinn, þá mun greinilegar koma í ljós en áður, að ekki er verið á réttri leið. — Slysahraglandi þessi, sem verið hefir, mundi þá reynast undanfari þeirrar hríðar, sem ekki mundi af léttu, áður en hér væri orðin auðn, og íslenskt þjóðerni með öllu undir lok liðið. Þjóð vor er nú, og raunar allt mannkyn, á vegamótum einsog aldrei áður. Nú er þess kostur, sem aldrei hefir verið áður, að hverfa af Helvegi. En verði sá kostur ekki tekinn, þá mun hinn illi vegur reynast svo örðugur, að öll viðleitni til mannlífs, verði hér á jörðu, að gefast upp.

10. okt. '28